

Árneshreppur
Bogi Kristinsson, skipulagsfulltrúi
Norðurfjörður
524 Árneshreppur

Reykjavík, 13. október 2017
Tilvísun: 201701069 / 3.4

Efni: Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir deiliskipulag vegna undirbúningsrannsókna fyrir Hvalárvirkjun. Árneshreppur

Árneshreppur hefur, með erindi dags. 31. ágúst 2017, sent Skipulagsstofnun tillögu að deiliskipulagi Hvalárvirkjunar, ásamt umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tillaga að deiliskipulaginu ásamt umhverfisskýrslu hefur verið auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga og er frestur til að skila athugasemdum til 16. október 2017.

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að skapa aðstöðu fyrir rannsóknir fyrir virkjun Hvalár. Hún nær yfir 13,4km² svæði, þ.e. hluta svæðis fyrirhugaðs virkjunarsvæðis Hvalárvirkjunar, og í henni felast ákvæði um vinnuvegi til rannsókna, starfsmannabúðir fyrir um 30 manns, vinnusvæði, og efnistökusvæði. Samhliða var auglýst breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025.

Eftirfarandi gögn bárust Skipulagsstofnun með ofangreindu erindi:

Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu, dags. 20. júlí 2017 og 5 uppdráttir, dags. 20. júlí 2017.

Á uppdraetti 1 er yfirlitsmynd í mkv. 1:25.000, sem sýnir allt deiliskipulagssvæðið og hvernig því er skipt niður á 4 hlutauppdraetti; uppdraettir 2 - 3 sýna svæðið í mkv. 1:10.000 og uppdraettir 4– 5 sýna efnistökusvæði og svæði fyrir starfsmannabúðir í mkv. 1:2000.

Í lýsingu fyrir deiliskipulag Hvalárvirkjunar, sem dags. var 20. október 2016, kom fram að deiliskipulagið myndi ná yfir allt virkjunarsvæðið og áætlaðar framkvæmdir, en hætt hefur verið við það. Fram kemur í deiliskipulagstillögunni að þegar frekari rannsóknargögn liggja fyrir verði gerð breyting á deiliskipulaginu sem verði þá nákvæmara og markvissara hvað varðar sjálfar virkjunarframkvæmdirnar. Umhverfismat þessarar breytingar gerir því fyrst og fremst grein fyrir umhverfisáhrifum af þeim framkvæmdum sem þetta deiliskipulagið heimilar.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar dags. 3. apríl 2017.

Stofnunin hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að skilmála um námur þurfi að lagfæra og skýra.

Í köflum 2.8.1 og 4.3 er fjallað er um vegafamkvæmdir. Þar kemur fram að þótt vegirnir verði hannaðir m.v. að þola þungaflutninga ef til virkjunar kemur, þá verði í fyrstu aðeins farið í þær vegafamkvæmdir sem þarf til þess að koma nauðsynlegum tækjum til rannsókna um svæðið. Þar sem því verði viðkomið verði ekki um vegagerð að ræða, svo sem á flatlendi með góðum burði. Í tillögunni er engu að síður gert ráð fyrir umfangsmikilli efnistöku og umfram það sem ætla má að þörf sé fyrir á þessu stigi. Stofnunin bendir á að umfang efnistöku í fyrirliggjandi tillögu þarf að takmarkast við þá efnisþörf sem nauðsynleg er á þessu stigi og því þarf að áætla hvað þarf af efni í vegi fyrir rannsóknarvinnuna og miða umfang efnistökkunnar við það.

Þá bendir stofnunin á að hvorki í frummatsskýrslu fyrir virkjun Hvalár né í álitni Skipulagsstofnunar er að finna sérstaka umfjöllun um ársnetsnámu við Neðra Hvalárvatn. Hún er þó sýnd á mynd 4 -8 í frummatsskýrslunni, sem ársnetsnáma sem fer undir Hvalárlón. Þar sem gert er ráð fyrir námu á þessu svæði fyrir gerð vinnuvega, án þess að víst sé að hún fari síðar undir lón, þurfa skilmálar um hana vera ítarlegri bæði um umfang sbr. framangreint og einnig um hvernig staðið verður að efnistöknunni á vinnslutíma og frágangi að henni lokinni. Betur þarf að gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum af efnistöknunni.

Æskilegt er að skilmálar í gr. 4.3. um að ef fallið verði frá virkjunaráformum skuli ganga þannig frá vegum að tryggt verði að þeir verði ekki færir vélknúnum ökutækjum, komi einnig fram í kafla 4.7.3.

Lagfæra þarf heiti deiliskipulagsins þannig að það endurspegli að um er að ræða deiliskipulag fyrir rannsóknarvinnu vegna Hvalárvirkjunar, en ekki fyrir sjálfa virkjunina.


Málfríður K Kristiansen